



# Sjálfsmatsskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja

## Skólaárið 2017-2018

Kristján Ásmundsson  
Skólameistari FS

Hér verður farið stuttlega yfir þau markmið sem sett voru fram í stefnu ríkisaðila og hvernig gengið hefur að ná þeim. Einnig fylgir skýrsla matsnefndar fyrir þetta skólaár ásamt niðurstöðum kennslumats þessar tvær annir.

Markmið í kjarnastarfsemi sem sett voru fram í stefnu ríkisaðila:

1. Efla stuðning og aðhald með nemendum til að draga úr brotthvarfi úr námi.
2. Bæta námsárangur og ástundun nemenda þannig að fleiri nemendur ljúki prófi á tilsettum tíma.
3. Nemendur af svæðinu hafi aðgang að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífsins.

Markmið varðandi rekstrarþætti:

1. Aukin stoðþjónusta
2. Bætt nýting fjármuna
3. Efling mannauðs

Skólinn hefur undanfarnar annir verið að leita leiða til að draga úr brotthvarfi. Hann hefur fengið góðan styrk til þess verkefnis þar til nú síðast að dregið var verulega úr þessum styrk (úr 6,5 mkr. niður í 2,5 mkr.) og kom það afar illa fyrir þetta verkefni.

Haustið 2016 hófu 252 nýnemar nám við skólann. Nú fjórum önnum síðar, á haustönn 2018, þá hafa 19 nemendur bæst við upphaflega hópinn, þetta eru nemendur sem hófu nám í öðrum skóla eða fóru ekki í skóla strax að loknum grunnskóla. Það eru 79 nemendur af upphaflega hópnum sem hafa hætt námi sem gerir 31,35% og spurning hvort þetta er vísbending um stærð brotthvarfs. (þar af eru tveir nemendur úr smíðum sem hafa lokið fjórum önnum í námi og eru í starfsþjálfun). Skólanum er ekki kunnugt um að þessir nemendur hafi farið annað í nám. Vonandi eiga þau eftir að koma inn síðar til að ljúka námi.

Í eftirfarandi töflu má sjá upplýsingar úr kennslumati og tölur um brotthvarf undanfarnar annir.

	Haust 2016	Vor 2017	Haust 2017	Vor 2018	viðmið
Kennslumat almennt	4,18	4,44	4,24	4,35	4
Hvatningin	3,95	4,25	4,12	4,18	3,8
Hrósið	4,04	4,26	4,16	4,28	3,8
Líðan	4,31	4,5	4,24	4,37	4,25
Brotthvarf	11,30%	9,60%	9,20%	8,80%	10%
Hættu á önninni	54 (5,4%)	45 (4,9%)	60 (6,2%)	56 (6,8%)	

Ef taflan hér að ofan er skoðuð þá sést að þeim markmiðum sem sett voru varðandi hrós, hvatningu og líðan nemenda hefur veri náð.

Ennfremur má sjá að brotthvarf í áföngum er undir viðmiðum sem skólinn setti sér og miðað við það hefur dregið úr brotthvarfi. Hins vegar er hlutfall þeirra sem hætta alveg í námi á önn yfir viðmiðum.

Forvitnilegt er að skoða þá nemendur sem innrituðust á stúdentsbrautir á haustönn 2015 en þeir voru 43,25% af nemendahópnum. Þetta eru þeir nemendur sem uppfylla inntökuskilyrði á þessar brautir og eiga því að ráða við námið. Þriðjungur þeirra hefur lokið því á þremur árum eins og að var stefnt í upphafi ef allt gengur upp. Nærri helmingur (45%) er enn í námi en er væntanlega að fara að ljúka því um áramót eða í vor. Það sem er dapurlegast er að 22% þeirra sem skráðu sig á þessar brautir í upphafi hafa hætt námi án þess að ljúka því.

Næsta haust fáum við frekari mælingar og getum þá farið að setja inn viðmið fyrir það markmið að fjölga þeim nemendum sem ljúka á tilsettum tíma.

## Haustönn 2015

nýnemar 252	Fjöldi	hlutfall
stúdentsbrautir	109	43,25%
útskrifaðir á 3 árum	36	33%
Enn í skólanum	49	45%
Hættir	24	22%

Skólinn hefur stöðugt verið að leita leiða til að draga úr brotthvarfi. Í haust voru allir nemendur á framhaldsskólabrautum settir í sér áfanga (NEMÓ) þar sem þau mæta tvisvar í viku á mótí íþróttum til að ekki myndist eiða í töflu. Þarna er verið að kenna þeim m.a. námstækni, skipulag, á INNU og gera námsáætlun allt í því skini að efla sjálfstraust þeirra gagnvart námi. Stundum eru þessir tímar teknir undir námsver.

Á framhaldsskólabraut fornámslínu er mikið utanumhald þar sem áhersla er lögð á að auka sjálfstraust nemenda jafnt í námi sem lífinu sjálfu. Auk þess hefur verið bætt við tíma (HVAT) þar sem áhersla er lögð á að efla sjálfsvitund nemenda og ýta undir heilbrigða lífnaðarhætti með hreyfingu og hollustu í næringu. Með þessu er vonast til að ná betur til nemenda, efla metnað þeirra og framtíðarsýn svo þau ljúki skilgreindu námi en gefist ekki upp.

Skólinn hefur endurnýjað samning við Skólaskrifstofu Reykjanesbæjar um sálfræðipjónustu fyrir nemendur (hálfst stöðugildi).

Í skólanum eru nemendur af 18 þjóðernum. Í haust var ráðinn verkefnastjóri, í hlutastarf, til að halda utanum þessa nemendur. Áhersla hefur verið lögð á að efla kunnáttu þeirra á íslensku og að þau hafi einhvern starfsmann sem þau geti leitað til með alla hluti innan skólans. Með því aukast líkur á því að þau nái

að ljúka námi en strandi síður á bóklegum hluta þess. Fundað hefur verið með nýráðnum verkefnastjóra í málefnum Reykjanesbæjar um þessi mál og væntum við góðs af samstarfi við þau.

Verkefnastjóri hefur verið ráðinn í hálf t starf sem á meðal annars að fylgjast með mætingum nemenda og veita nemendum aðhald.

Þau markmið sem sett voru varðandi mætingar eru ekki að nást (vera yfir 89,7%) en það má skýra með þeim breytingum sem gerðar voru á mætingakerfinu um síðustu áramót. Þá var því breytt á þá leið að hætt var að gefa leyfi og allar fjarvistir voru skráðar sama hver ástæðan var. Einu leyfin sem gefin eru eru vegna landsliðsferða eða þá að þetta séu fjarvistir vegna námsferða. Skýringar á fjarvistunum eru skráðar en einkunn vegna mætingar endurspeglar einfaldlega viðveru í kennslustundum. Að mati sumra kennara hefur þetta leitt til betri mætinga nemenda. Skólinn þarf því að endurskoða viðmið sín varðandi mætingar. Mætingahlutfallið á vorönn 2018 var 84,4% en raunmæting var 82%. Markmið skólans er að bæta mætingu nemenda, því samband er milli námsárangurs og mætinga eins og við höfum séð í könnunum hjá okkur.

Ekki er hægt að birta töflu yfir þá starfsnámsnemendur sem hafa lokið námi í nýju kerfi en við erum að afla gagna um það.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu nemenda á brautir skólans á síðustu önn. Áhugavert er að virða fyrir sér mismuninn milli kynja í þessu sambandi. Strákar eru mun fjölmennari en stúlkur í skólanum, hlutfall stráka er tæp 59% en stelpur eru rúm 41% nemenda. Þarna sést í hvaða nám kynin sækja, stelpurnar sækja í stúdentsnám en strákarnir í bæði stúdents- og verklegt nám.

## Vorönn 2018

	KK	KVK	Samtals
Almennar brautir	17,3%	15,0%	16,4%
Framhaldsskólabrautir	10,9%	9,7%	10,4%
Starfsnámsbrautir	11,3%	11,5%	11,4%
Verknámsbrautir	22,1%	2,7%	14,1%
Stúdentsbrautir	31,7%	56,9%	42,2%
Starfsbraut	6,7%	4,1%	5,6%
Alls	58,60%	41,40%	

Hér að neðan er hægt að sjá skiptingu nýnema á brautir skólans á núverandi önn. Tilhneigingin er sú sama og verið hefur með það nám sem kynin velja. Einnig er vert að benda á þá staðreynd að um 60% nýnema eru ekki að uppfylla inntökuskilyrði á aðrar brautir en framhaldsskólabraut og starfsbraut og mikill meirihluti þeirra eru strákar. Þetta er sá hópur sem er í hvað mestri brotthvarfshættu og hefur minnsta skuldbindingu gagnvart námi.

## Skipting nýnema á brautir

Haust 2018	strákar	stúlkur	alls	strákar	stúlkur	alls
framhaldsskólabraut	74	42	116	57,8%	42,9%	51,3%
stúdentsbrautir	27	48	75	21,1%	49,0%	33,2%
verk- og starfsnámsbrautir	12	4	16	9,4%	4,1%	7,1%
starfsbraut	15	4	19	11,7%	4,1%	8,4%
alls	128	98	226	56,6%	43,4%	

Skólinn hefur mjög breitt námsframboð sem ætti að henta fyrir flesta. Allar brautirnar eru komnar inn í grunninn eða eru í vinnslu og bíða samþykktar.

Skólinn hefur tekið þátt í því að auglýsa starfsnám með öðrum starfsnámsskólum. Auk þess hefur í samstarfi við vinnuskólann í Reykjanesbæ og Sandgerðisbæ verið boðið uppá smiðjur í verklegum áföngum fyrir nemendur í 9. bekkjum grunnskólanna í júní og hefur það gengið vel. Einnig hefur verið boðið uppá verklega áfanga fyrir nemendur bæði 9. og 10. bekkja grunnskólanna í vetur sem eykur enn frekar kynningu á verklegu námi.

Nú hefur verið auglýst grunnnám í matvæla- og ferðagreinum sem fer að stað um áramót eins og stefnt hefur verið að ef næg þátttaka næst.

## Rekstrarþættir

Fjöldi nemenda er 1078, þar af 160 grunnskólanemendur

**Mannauður:** Fjöldi starfsmanna er 94, þar af eru kennarar 60, þroskaþjálfar og ráðgjafamenntaðir starfsmenn eru 3, námsráðgjafar 3 og stjórnendur 4 auk þess eru 7 stundakennarar. Annað starfsfólk sem sér um skrifstofu, bókasafn, húsvörslu, stuðningsfulltrúar og starfsfólk í eldhúsi eru 17 talsins. Ræsting er boðin út og er í verktöku.

Með eftirfarandi töflu er hægt að bera saman nokkra þætti milli tveggja haustanna (upphaf tveggja skólaára) er varða mannauð skólans og rekstrarþætti tengda kennslumagni.

Haust 2017 Haust 2018

Meðalaldur kennara	51,1 ár	50,87 ár
Meðalaldur allra starfsmanna	50,36 ár	50,03 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu í FS	12,4 ár	12,3 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu í heild	16,13 ár	16,4 ár
Viðbótarorlof samtals	1665,6 klst.	1730 klst.
Aldurafsláttur samtals	2678 klst.	2514 klst.
Heildarkennslumagn á önn	51788,5 klst.	53770 klst.
Heildarkennslumagn á viku	2877 klst.	2987 klst.
Skerðing vegna endurtekningar áfanga	1002,8 klst.	1015,6 klst.
Aukaverkefni skv. C-hluta	2145 klst.	2021 klst.

Meðalaldur kennara, miðað við núverandi skólaár, er tæplega 51 ár (50,87). Það eru 16 kennarar yfir 60 ára aldri og 11 til viðbótar eru milli 55 og 60 ára, þannig að 27 kennara er yfir 55 ára aldri.

Kynjaskiptingin í kennarahópnum er jöfn. Það eru 7 kennara sem eru án kennsluréttinda en allir með fagréttindi.

Það voru 18 kennara sem fengu launaprep vegna alúðar á síðasta skólaári.

Fjöldi mætingasamninga á haustönn 2017 voru 125 og á vorönn 2018 voru þeir 143.

Nú er komið að því að fara þarf úti kostnaðarsama endurnýjun á búnaði og tækjum í skólanum. Það er ljóst að þetta verður mjög kostnaðarsamt. Verið er að skipta þessu upp þannig að það komi ekki allt á sama tímabil.

Búið er að endurskoða sjálfsmatsblað kennara og matshringinn fyrir innra matið. Heildar niðurstöðurnar fyrir hvora önn má sjá hér að aftan. Í framhaldi af því var framgangskerfið endurskoðað og einnig vegna innleiðingar vinnumatsins.

Skýrsla matsnefndar fer hér á eftir sem og niðurstöður kennslumatsins fyrir haustönn 2017 og vorönn 2018.

## Skýrsla matsnefndar

### Inngangur

Á haustönn 2017 mynduðu fjórir kennarar Matsnefnd FS. Þau Ása Einarsdóttir, Axel Sigurbjörnsson og Garðar Garðarsson og Harpa Kristín Einarsdóttir ásamt aðstoðarskólameistara Guðlaugu Pálsdóttur. Hópurinn vann að mestu að hefðbundnum verkefnum. Hópurinn hittist reglulega og er unnið samkvæmt sjálfsmatshring sem er endurskoðaður með reglulegu millibili. Sumir þættir eru skoðaðir á hverri önn en aðrir á nokkurra anna fresti. Sjálfsmatshringurinn er aðgengilegur á heimasíðu skólans.

### Helstu verkefni Matsnefndar á haustönn 2017

1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum u.þ.b. fjórðungs kennara var metinn.
2. Könnun á samskiptum nemenda við starfsmenn aðra en kennara.
3. Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum og eignastaða tekin út.

Unnið var samkvæmt sjálfsmatshring sem gildir frá hausti 2017 og til vors 2020. Reglulegt kennslumat var gert með hefðbundnu sniði. Spurningalisti er snýr að námi, kennslu og kennsluháttum er lagður fyrir alla nemendur ákveðins hóps kennara, en um það bil fjórðungur kennara er metinn á hverri önn.

Niðurstöður eru síðan lagðar til grundvallar starfsmannaviðtals.

Könnun á samskiptum nemenda við starfsmenn aðra en kennara var gerð með rafrænum hætti. Þátttökuboð boru send út til 881 einstaklinga og svöruðu 372 eða um það bil 42%.

Niðurstöður þessarar könnunar verða síðan lagðar til grundvallar í starfsmannaviðtals.

## Helstu verkefni Matsnefndar á vorönn 2018

1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum u.þ.b. þriðjungs kennara var metinn.
2. Könnun notkun upplýsingatækni í kennslu í FS
3. Könnun á viðhorfi starfsmanna til Mötuneytis FS
4. Könnun á viðhorfi nemenda til Mötuneytis FS
5. Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum og eignastaða tekin út.

Kennslumat var lagt fyrir í öllum hópum 18 kennara. Í kjölfarið fara fram starfsmannaviðtöl við þá kennara.

Gerð var könnun á notkun upplýsingatækni í kennslu í FS. Tilgangurinn var að fá upplýsingar um hvernig kennarar nýta þessa tækni og hvaða hluta hennar þeir nýta mest með það fyrir augum að styrkja og styðja við notkun upplýsingatækni í kennslu í skólanum. Spurt var um notkun námskerfa s.s. Innu og Moodle og einnig hin ýmsu kennsluforrit sem nýta má í kennslu. Þá var þátttakendum gefinn kostur á að koma með ábendingar um það sem þeim finnst að megi betur fara. Könnun af þessu tagi hefur ekki verið gerð áður.

Einnig var gerð rafræn könnun á notkun og viðhorfi starfsmanna FS til mötuneytis skólans en sambærileg könnun var síðast gerð á vorönn 2015. Síðan þá hefur verið skipt um rekstraraðila og rekstarformi breytt þannig að erfitt getur verið að bera þessar tvær kannarnir saman og fyrir dyrum standa enn frekari breytingar á rekstrinum. Könnunin var lögð fyrir á rafrænu formi að þessu sinni. Boð voru send út á 83 netföng starfsmanna um að taka þátt og 60 svöruðu eða 72.2%. Spurt var um kyn, hversu oft þeir kaupa heitan mat (heimilismat) í Mötuneytinu, hvernig þeim finnst maturinn, úrvalið, verðið og þjónustan.



Á vorönninni var gerð sambærileg könnun meðal nemenda á notkun og viðhorfi til mótuneytisins. Könnunin var gerð rafrænt og var spurningalisti sendur út á 764 netföng nemenda og svöruðu 286 nemendur könnuninni eða 37,74% þeirra sem fengu boð um þátttöku. Spurt var um kyn, fæðingarár, hversu oft þeir kaupa heitan mat (heimilismat) í mótuneytinu, hvernig þeim fannst maturinn, úrvalið, hreinlætið og aðstaðan í matsalnum. Þá var nemendum gefinn kostur á að koma með ábendingar um það sem þeim finnst betur mætti fara.

Tillögur til úrbóta.

#### [Könnun á notkun upplýsingatækni í FS](#)

Niðurstöður þessarar könnunar gefa til kynna að notkun kennara í FS á upplýsingatækni í kennslu sé mjög fjölbreytt.

Til að viðhalda þeim fjölbreytileika sem fyrir er og skjóta styrkari stoðum undir fjölbreytni á notkun upplýsingatækni er lagt til að hugað verði að frekari fræðslu um ýmiskonar forrit og vefi til notkunar í kennslu fyrir kennara skólans.

#### [Könnun á notkun og viðhorfi starfsmanna FS til mótuneytis skólans](#)

Lagt er til að framboð og samsetning máltíða verði endurskoðuð og aukin áhersla verði lögð á heilsusamlegt úrval fæðu í Mötuneytinu í samræmi við markmið Heilsueflandi framhaldsskóla.

Einnig er lagt til að dregið verði úr notkun einnota áhalda og umbúða í Mötuneytinu

#### [Könnun á notkun og viðhorfi nemenda FS til mótuneytis skólans](#)

Nemendum finnst úrval á matvöru ekki nægilega fjölbreytt og mætti taka tillit til þess þegar aukinn kraftur verður settur í verkefnið Heilsueflandi Framhaldsskóli.

Þá kemur í ljós áhugi nemenda fyrir umhverfisvernd, þau vilja draga úr notkun einnota áhalda og flokka sorp sem til fellur í matsal meira og betur.

Þá mætti bæta umgengni og þrifnað kringum samlokugrill og örbylgjuofn í matsal nemenda.



Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga með því að merkja í viðeigandi reiti

		mjög sammála					
		frekar sammála	hvorki samm. né ósam.	frekar ósammála	mjög ósammála		
1	Ég sinni náminu vel í þessum áfanga	4,07	5	4	3	2	1
2	Kennarinn er stundvís	4,42	5	4	3	2	1
3	Ég tel að kennarinn undirbúi kennslustundir vel	4,41	5	4	3	2	1
4	Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim á jákvæðan hátt	4,42	5	4	3	2	1
5	Kennarinn fylgir náms- og kennsluáætlun og lætur mig vita ef hún breytist	4,34	5	4	3	2	1
6	Ég er sátt/ur við framkomu kennarans	4,38	5	4	3	2	1
7	Í þessum áfanga er góður vinnuandi	4,13	5	4	3	2	1
8	Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína og vinnu í þessum áfanga	4,08	5	4	3	2	1
9	Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gangrýninn hátt	4,12	5	4	3	2	1
10	Próf og/eða verkefni áfangans eru í samræmi við áherslur í yfirferð	4,29	5	4	3	2	1
11	Mér finnast útskýringar kennarans góðar	4,21	5	4	3	2	1
12	Kennarinn hefur samráð við nemendur um fyrirkomulag, t.d. prófa og verkefna	4,29	5	4	3	2	1
13	Kennarinn hvetur mig áfram í náminu	4,12	5	4	3	2	1
14	Kennarinn hrósar mér fyrir það sem ég geri vel	4,16	5	4	3	2	1
15	Kennarinn beitir fjölbreyttum kennsluáðferðum	3,88	5	4	3	2	1
16	Kennarinn nýtir kennslustundir vel til kennslu	4,36	5	4	3	2	1
17	Mér líður vel í þessum áfanga	4,24	5	4	3	2	1

Annað sem þú vilt taka fram:

*Meðaltal allra spurninga á haustönn 2017 er 4,23*

*Meðaltal allra spurninga nema spurningar 1 er 4,24*



<i>Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga með því að merkja í viðeigandi reiti</i>			mjög sammála	frekar sammála	hvorki samm. né	frekar ósammála	mjög ósammála
1	Ég sinni náminu vel í þessum áfanga	4,18	5	4	3	2	1
2	Kennarinn er stundvís	4,53	5	4	3	2	1
3	Ég tel að kennarinn undirbúi kennslustundir vel	4,49	5	4	3	2	1
4	Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim á jákvæðan hátt	4,47	5	4	3	2	1
5	Kennarinn fylgir náms- og kennsluáætlun og lætur mig vita ef hún breytist	4,37	5	4	3	2	1
6	Ég er sátt/ur við framkomu kennarans	4,46	5	4	3	2	1
7	Í þessum áfanga er góður vinnuandi	4,23	5	4	3	2	1
8	Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína og vinnu í þessum áfanga	4,15	5	4	3	2	1
9	Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gangrýninn hátt	4,27	5	4	3	2	1
10	Próf og/eða verkefni áfangans eru í samræmi við áherslur í yfirferð	4,45	5	4	3	2	1
11	Mér finnst útskýringar kennarans góðar	4,31	5	4	3	2	1
12	Kennarinn hefur samráð við nemendur um fyrirkomulag, t.d. prófa og verkefna	4,44	5	4	3	2	1
13	Kennarinn hvetur mig áfram í náminu	4,18	5	4	3	2	1
14	Kennarinn hrósar mér fyrir það sem ég geri vel	4,28	5	4	3	2	1
15	Kennarinn beitir fjölbreyttum kennsluáðferðum	4,12	5	4	3	2	1
16	Kennarinn nýtir kennslustundir vel til kennslu	4,51	5	4	3	2	1
17	Mér líður vel í þessum áfanga	4,37	5	4	3	2	1

Annað sem þú vilt taka fram:

*Meðaltal allra spurninga á vorönn 2018 er 4,34**Meðaltal allra spurninga nema spurningar 1 er 4,35*